

Samstarf leik- og grunnskólans á Hólum 2019 – 2020

Lestur í leikskóla

Nemendur í 5. og 6. bekk fara á fimmtudögum kl. 11:35 og lesa fyrir leikskólabörnin. Fjórir hópar (1 árs, 2 ára, 3 ára og 4-5 ára)

Sögustund

Skólahópur leikskólans kemur í grunnskólann á mánudagsmorgnum og er með nemendum yngri deildar í sögustund kl. 8:10-8:30.

Tónmennt

Sameiginlegur tónmenntatíma með skólahóp og grunnskólanemendum. Tímarnir eru á fimmtudögum kl. 8:10 – 9:50.

Íþróttir

Þegar sundkennslu lýkur í nóvember og þar til hún hefst að nýju í vor fer skólahópur með yngri deild grunnskólans í íþróttatíma á mánudögum kl. 12:45 eða 13:25.

Útikennsla

Á þriðjudögum klukkan 9:55 – 11:15 fara nemendur grunnskólans með þremur elstu árgöngum leikskólans í útikennslu.

30. mars.- 3. apríl

Vikuleg heimsókn skólahópsins í grunnskólann. Nemendur mæta í skólann klukkan 8:10 og taka þátt í almennu skólastarfi, fylgja stundatöflu yngri deildar, fram yfir hádegisfrímínútur.

Sameiginlegir viðburðir

Gönguferð

Miðvikudaginn 4. september fara nemendur skólahóps leikskólans ásamt nemendum grunnskólans í gönguferð.

Nóvemberskemmtun

Nemendur leikskólans sýna atriði á haustskemmtun Grunnskólans sem haldin er 15. nóvember kl. 16:30.

Litlu jól

Litlu jólin eru haldin 20. desember. Í hádeginu borða nemendur saman hátíðarmálsverð en eftir það heldur foreldrafélagið jólaball í Grunnskólanum.

Öskudagur

26. febrúar er öskudagur. Skólahópur leikskólans fer með nemendum grunnskólans í Hóla að syngja á ýmsum stöðum. Eftir það er sameiginleg stund í Grunnskólanum þar sem kötturinn er sleginn úr tunnunni og farið í leiki.

Danssýning

Í lok danskennslu er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskóla sýna dansa fyrir foreldra og aðra gesti í Höfðaborg. Danssýningin verður 6. febrúar.

Útskrift og skólaslit

Útskrift elsta árgangs leikskólans fer fram á skólaslitum grunnskólans þann 29. maí. Umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans tekur formlega við nýjum nemendum og býður þá velkomna.